**231. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 3. janúar 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2312219 - Gjaldskrá frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags**

   Drög að gjaldskrá vegna frístundadvalar barna og ungmenna sem ekki eiga lögheimili á Akranesi lögð fram til kynningar.

   *Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirliggjandi drög að gjaldskrá og vísar til afgreiðslu í bæjarráði.*

2. **2304021 - Starfshópur um framtíðarþörf leikskólaplássa á Akranesi**

   *Farið yfir nýjustu tölur um fjölgun barna í sveitarfélaginu.*

3. **2312220 - Tómstundaframlag - vinnumhópur um endurskoðun**

   Bæjarráð samþykkti að fela skóla- og frístundaráði að vinna málið áfram og kalli til sín fulltrúa hagaðila í þeirri vinnu. Verkefnið er að rýna fyrirkomulag og nýtingu tómstundaframlags Akraneskaupstaðar og leggja fram tillögur að hækkun og/eða breytingum á fyrirkomulagi til hagsbóta fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.

   Gert verði ráð fyrir að vinnan hefjist í janúar nk. og skil á tillögum til bæjarráðs fyrir 15. mars nk.

   *Fjallað um fyrirkomulag vinnu við rýningu á fyrirkomulagi og nýtingu tómstundaframlags Akraneskaupstaðar og næstu skref.*

4. **2309022 - Íþróttahúsið Vesturgötu - loftgæði**

   Alfreð Alfreðsson rekstarstjóri fer yfir stöðu framkvæmda við endurbætur á íþróttahúsinu á Vesturgötu.

   *Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreð fyrir yfirferðina. Verkið gengur vel og er á áætlun.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Einar Brandsson
Liv Aase Skarstad



JMS